alþýðu blaðið

Myndir Errós þungamiðjan

En einnig myndir eftir Picasso, Dali, Calder, Vasarely og Yvaral



Skáldið (Erró).



Úr myndaröðinni „Made in Japan" (Erró).

ERÓTÍK ÚR JAPÖNSKUM REKKJUSIÐABÓKUM BLANDIN OFBELDI ÚR VESTRÆNUM HASARMYNDABLÖÐUM

Félagið Myndkynning heldur um þessar mundir að Kjarvalsstöðum fyrstu sýningu sína. Myndkynning er félagsskapur fáeinna áhugamanna um grafík, sem á undanförnum árum hafa keypt hingað til lands verk eftir þekkta, erlenda listamenn. Tilgangurinn með þessari sýningu er að gera almenningi kleift að eignast verk eftir þekkta listamenn við viðráðanlegu verði, en allar myndir á sýningunni eru til sölu.

Á sýningunni eru 57 myndir eftir 29 listamenn. Nægir að nefna nöfn eins og Picasso, Dali, Vasareyly, Yvaral og Calder, til að gefa til kynna hvað sýningin hefur upp á að bjóða.

Þungamiðja sýningarinnar eru 23 grafíkmyndir eftir ERRÓ (Guðmund Guðmundsson). Myndaröð sem hann kallar „Made in Japan" mun sjálfsagt vekja athygli og furðu sýningargesta. Þar setur listamaðurinn saman erótík úr japönskum rekkjusiðabókum og ofbeldi úr vestrænum hasarblöðum. Útkoman verður margrætt og áhrifamikið inntak myndanna.

Félagið íslenzk grafík hefur að undanförnu unnið að því að kynna almenningi tækni og verk félagsmanna, við góðar undirtektir. Þetta framtak Myndkynningar, að gefa almenningi kost á að kynnast einnig grafík erlendra listamanna, má teljast lofsvert. Eða, eins og Aðalsteinn Ingólfsson ritar í sýningarskrá: Mesti hvalreki á fjörur íslenzkra grafíkunnenda um árabil.

Grafíksýningin verður opin daglega frá 16-22 fram til 16. ágúst.

Einkasafn Gunnars í Geysi.

Að Kjarvalsstöðum stendur einnig yfir sýning á einkasafni Gunnars heitins Sigurðssonar í Geysi.

Á sýningunni eru um það bil 90 myndir eftir tæplega 20 listamenn, sem flestir voru upp á sitt bezta á árunum '45-'60. Þarna eru mörg fágæt listaverk, sem sum hver hafa aldrei verið sýnd opinberlega áður. Meðal verka sem sýnd eru, má nefna myndir eftir Ninu Tryggvadóttur, Þorvald Skúlason, Kristján Davíðsson og Karl Kvaran.

Í viðtali við blaðamann sl. föstudag sagði Aðalsteinn Ingólfsson, að safn þetta væri gott dæmi um einstakan áhugamann um myndlist. Gunnar heitinn hefði ekki verið einn úr hópi þeirra peningamanna, sem aðeins keyptu listaverk til að koma peningum sínum í verð. Gunnar Sigurðsson rak listvinasalinn á sínum tíma og voru margir málaranna góðvinir hans. Sagði Aðalsteinn að Gunnar hefði jafnvel tekið mörg málverkanna upp í skuldir.

Þessi einstæða sýning, sem kalla mætti dagbók ákveðins tímabils í sögu íslenzkrar myndlistar, verður opin daglega til 16. ágúst.

AV.

FRAMVEGIS FJARLÆGIR LÖGREGLAN BIFREIÐIR SEM LAGT HEFUR VERIÐ ÓLÖGLEGA!

– og það á kostnað eiganda

Umferðarnefnd Reykjavíkur tók, á fundi sínum nýverið, þá ákvörðun að afla beri Reykjavíkurlögreglunni kranabíl og geymslusvæði fyrir bíla sem teknir verða úr umferð í borginni.

Verður þessu ráði einkum beitt gegn ökumönnum sem leggja bifreiðum sínum þannig að staða bifreiðanna getur valdið hættu fyrir aðra vegfarendur.

Óskar Ólason, yfirlögregluþjónn umferðarmála, sagði í viðtali við blaðið að hingað til hefði sektarákvæðum verið beitt gegn ökumönnum sem legðu bílum sínum ólöglega.

Hann sagði að það orkaði nokkuð tvímælis að lögregluþjónn gerði það eitt að skrifa sektarmiða og hengdi hann á bíl sem væri lagt á stað þar sem bifreiðin gæti beinlínis valdið hættu fyrir aðra vegfarendur. Sektarmiðinn sjálfur leysti engan vanda og hættan væri fyrir hendi eftir sem áður hvað sem öllum sektarmiðum liði. Sagði Óskar það væri um of algengt að ökumenn legðu bílum sínum á slíka staði.

Hann sagði einnig að ökumenn þeirra bifreiða sem fjarlægðar yrðu á þennan hátt fengju þær ekki afhentar að nýju fyrr en þeir hefðu greitt kostnaðinn sem því fylgdi því að fjarlægja ökutækið. Kvaðst Óskar vonast til þess að þessar aðgerðir yrðu árangursríkari en beiting sektarákvæðanna hefur reynzt.

—EB.



VINSÆLAR ÍSLANDSFERÐIR

Gefa af sér 150 milljónir í gjaldeyri

Í vor og sumar hafa Flugleiðir haldið uppi leiguflugi milli borga í Sviss, Þýzkalandi og Austurríki. Flugferðir þessar hafa verið farnar á vegum stórra ferðaskrifstofa í áðurnefndum löndum. Skrifstofur Flugleiða í Frankfurt, Dusseldorf, Zurich, Basel, Vínarborg og Brussel hafa annazt alla milligöngu erlendis.

Frá því í aprílmánuði og til júníloka hafa verið farnar 15 ferðir og farþegafjöldinn nær nú 1.800 manns. Þetta mun vera þreföld aukning á flugferðum í leiguflugi milli þessara landa, ef miðað er við sömu mánuði í fyrra. Flugstundir í þessum ferðum eru alls um 115.

Ferðamennirnir höfðu hér að meðaltali einnar viku viðdvöl. Allt skipulag ferðanna var á vegum hópa- og leiguflugsdeildar Flugleiða, en skoðunarferðir frá Reykjavík voru í samvinnu við Kynnisferðir hf.

Áætlaðar gjaldeyristekjur af þessum hópferðum eru samtals 140-150 milljónir íslenzkra króna.

Gistinætur ferðamannahópanna á hótelum í Reykjavík voru samtals 11.743 og 1.298 á Húsavík.

Boeng-þota Flugfélags Íslands flaug tvisvar sinnum með ferðahópa til Narssarssuaq. Ennfremur fór Fokker Friendship alls 12 sinnum til Kulusuk með farþega úr þessum hópferðum.

Ferðalangarnir notfærðu sér mikið áætlunarflug Flugfélagsins til Akureyrar, Húsavíkur og Vestmannaeyja, auk hinna skipulögðu hópferða, á vegum Kynnisferða hf. um Reykjavík og nágrenni.

Að því er fram kemur í fréttabréfi frá Flugleiðum, þá mæltust þessar ferðir mjög vel fyrir og voru ferðalangarnir ánægðir með dvölina hér.

Leiguflug til Sviss, Þýzkalands og Austurríkis mun hefjast á ný er sumri hallar og standa fram á haust.

AV.

HEYRT, SÉÐ OG HLERAÐ

SÉÐ: Að nú hefur soðið upp úr milli Kristins Finnbogasonar og Sveins R. Eyjólfssonar. Þeir framkvæmdastjórarnir beita fyrir sig ritstjórum sínum og Þórarinn kallar Svein óvandaðan fjáraflamann. Jónas segir Tímann vera sorptunnu, skrifaðan fyrir sauðfé og striplingaglápara.

HLERAÐ: Að Jón Árnason muni sennilega ekki verða í framboði við næstu alþingiskosningar vegna aldurs. Talið hefur verið, að Valdimar Indriðason útgerðarmaður á Akranesi mundi erfa sæti Jóns fyrir Vesturland, en í seinni tíð hafa fleiri verið nefndir, svo sem Páll Gíslason læknir, sem lengi var á Akranesi og nýtur vinsælda þar. Síðasta hugmyndin, sem rædd er nú innan Sjálfstæðisflokksins, er að hafa Gunnar Thoroddsen iðnaðarráðherra efstan á lista flokksins á Vesturlandi. Með því mundi flokkurinn forðast mjög erfiða röðun á lista í Reykjavík, sem gæti leitt til prófkjörs og átaka. Gunnar er raunar gamall þingmaður Snæfellinga.

HEYRT: Að Náttúrulækningafelag Íslands hafi hug á að kaupa Húsmæðraskólann að Laugalandi í Eyjafirði. Hyggst félagið reka þar heilsuræktarstöð, en vísir að slíkri stöð hefur verið þar í sumar og notið vinsælda.

HLERAÐ: Að íbúðarhús eins af hæstu skattgreiðendum í Reykjavík í ár hafi nýlega verið boðið upp á nauðungaruppboði. Húsið var slegið á einar 14 milljónir en ekki metið í sölunema á 11-12 milljónir. Áhvílandi skuldir á fasteigninni eru sagðar hafa numið 30 milljónum króna Húseigandinn fyrrverandi hyggst nú stofna bílaleigu á Kanarieyjum.